

Minnisblað

Til: Bæjarráð
Frá: Hafdís Gunnarsdóttir
Dags. 7. október 2021
Mnr. 2021040038



ÍSAFJARÐARBÆR

Útlistun á verkefnum á knattspyrnuvöllum og vallarhúsi á Torfnesi.

Þann 27. september var á fundi bæjarráðs lögð fram beiðni knattspyrnudeildar Vestra um að fá tvö stöðugildi í 6 mánuði til að sinna umsjá knattspyrnuvalla og vallarhúss á Torfnesi. Einnig var óskað eftir að þessir tveir starfsmenn fengju hærra laun en Ísafjarðarbær miðar við í núverandi samning. Jafnframt var lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs.

Bæjarráð kallaði eftir nánari útlistun á þeim verkefnum sem um er að ræða á knattspyrnuvöllum og vallarhúsi á Torfnesi. Í þessu minnisblaði verður farið yfir þau.

Helstu verkefni á knattspyrnuvöllum er að slá reglulega grasið á aðalvellingum, vökva það og laga þar skemmdir svo meistaraflokkar knattspyrnudeildar Vestra og Harðar geti spilað sína leiki þar. Fyrir leiki þarf svo að mála línur s.s. vítateiga og miðjúlínu á völlum. Grasvöllinn þarf að sanda og gata að vori og þá þarf einnig að bera á hann áburð. Síðast en ekki síst þarf að hafa snyrtilegt og hreint innan vallarins sem og í kring um hann. Önnur tilfallandi verkefni eru t.d. að laga girðingar í kring um völlum og laga net í mörkum.

Á gervigrasvellingum þarf að gæta að hann sé snyrtilegur og ekkert rusl sé á honum eða í kring um hann. Hann þarf að draga til að dreifa gúmmíkurlínu á vellingum helst 2 sinnum í mánuði. Tilfallandi verkefni eru t.d. að laga net í mörkum og girðingar í kring.

Verkefni í vallarhúsinu snúa að mestu um að halda 1. hæðinni snyrtilegri, þrifa búningsklefa og ryksuga/sópa gólf. 2. hæðin er alfarið í umsjón íþróttafélagsins Vestra og eiga því starfsmenn á fótboltavellingum ekki að sinna henni. Tilfallandi verkefni eru að fara með rusl inn í Funa.

Knattspyrnudeild Vestra er með verkefnasamning við HSV og Ísafjarðarbæ og fær því greitt sérstaklega fyrir að sjá um ákveðin verkefni. Í honum er kveðið á um að knattspyrnudeild Vestra sjái um eftirfarandi verkefni:

- Hafi umsjón með vallarsvæðinu á Torfnesi
- Annist gæslu á leikjum bæði á velli og inn í vallarhúsi
- Sjái um að opna og loka vallarhúsi fyrir og eftir leiki/æfingar sem fram fara utan venjulegs dagvinnutíma
- Ganga frá og þrifa svæðið eftir leiki
- Halda auglýsingaskiltum í þannig ástandi að þau séu svæðinu til sóma.

HG

